

Nd.

615. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórn Íslands til þess að stofna til útgáfu tíma-
rits til rökræðna um landsmál.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. (ÁkJ, GTh og StJSt) telur, að í frv. felst mikilvæg tilraun til þess, að allir landsmenn eigi þess kost að fá til aflestrar greinargerðir og rökstuðning allra stjórnmalaflokka um mál þau, sem efst eru á baugi á hverjum tíma og aðallega valda ágreiningi þeirra á milli. Meiri hl. n. telur því, að hugmynd sú, sem í frv. felst, miði til styrktar lýðræði í landinu, og vill því mæla með, að frv. verði samþykkt, þó einstakir nefndarmenn áskilji sér rétt til þess að héra fram eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 25. marz 1943.

Stefán Jóh. Stefánsson,
fundaskr., frsm.

Gunnar Thoroddsen.

Áki Jakobsson.